



Borgarráð

Efni: Útboð Reykjavíkurborgar nr. 14356 á stýribúnaði umferðarljósa

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, dags. 31. október sl., um útboð á stýribúnaði umferðarljósa. Óskað er eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um eftirfarandi fyrirspurn:

- „1. Á hvaða heimild borgarstjórnar og/eða Innkauparáðs byggir útboð nr. 14356?*
- 2. Er útboðið hugsað sem hluti af samkomulaginu milli SSH og ríkisins?*
- 3. Erú Vegagerðin og SSH þátttakendur í útboðinu*
- 4. Hvers vegna auglýsti Reykjavíkurborg svo víðtækt útboð á stýribúnaði umferðarljósa áður en samkomulagið milli SSH og ríkisins var samþykkt í borgarstjórn?*
- 5. Hvað er gert ráð fyrir að útboðið verði stórt í krónum talið?“*

1. Ekki þarf að óska eftir heimild til útboðs þegar um er að ræða útboð á rammamningum. Rammamningar eru gerðir um tiltekna vöru eða þjónustu í tiltekinn tíma og á útboðsstigi er ekki ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðsins. Rammamningurinn felur ekki í sér skuldbindingu um tiltekið magn viðskipta af hálfu Reykjavíkurborgar. Þegar að einstökum verkefnum kemur innan samningstíma er óskað eftir viðeigandi heimildum til útboða og/eða innkaupa á grundvelli viðkomandi verkefnis.
2. Nei. Útboðið er ekki hluti af Samgöngusáttmála.
3. Vörulýsing útboðsins var unnin af sérfræðingum á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Samstarf og samráð var haft við Vegagerðina við gerð útboðsins. Þjóðendur skulu skv. útboðinu tryggja að búnaður sá sem boðinn er hafi fulla virkni við núverandi umferðarljósakerfi.
4. Útboð þetta er óháð Samgöngusáttmála. Væntanleg kaup skv. þessu útboði eru ætluð til að skipta út umferðarljósum sem geta ekki tengst miðlægri stýritölvu í dag og þeim umferðarljósum sem eru tengd miðlægri stýritölvu en þarf að skipta út í heild sinni þar sem þau eru komin á tíma.
5. Kostnaðaráætlun útboðs út frá áætluðu magni er kr. 575.275.000,- án vsk. Upphæð vörukaupa skiptist svo milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Skiptingin er breytileg eftir aðstæðum á hverjum stað en á frumstigi er miðað við 50% hluta hvors aðila. Þannig yrði hlutur hvors aðila 287.637.500,- án vsk. ef keypt verður skv. áætluðu magni útboðsins.

Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri